

Nd.

617. Breytingartillögur

[162. mál]

við frv. til l. um verðlagsmál.

Frá viðskiptamálaráðherra.

1. 12. gr. orðist svo:

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

2. 16. gr. orðist svo:

Ef ágreiningur verður á milli dómara, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.